

Fundargerð háskólaráðs 29. september 2015

Guðmundarstofu kl. 15.00

Málsnúmer: 1401008

Mætt: Vilhjálmur Egilsson rektor, Anna Elísabet Ólafsdóttir aðstoðarrektor, Halla Tinna Arnardóttir fulltrúi starfsmanna, Auður H. Ingólfssdóttir varamaður fulltrúa kennara, Unnar Steinn Bjarndal fulltrúi kennara, Hallur Jónasson fulltrúi meistaranema, Jóhannes Baldvin Pétursson fulltrúi grunnnema, Elís Bergur Sigurbjörnsson fulltrúi grunnnema, Gauti Skúlason fulltrúi grunnnema.

Áheyrnarfulltrúar: Ólafur Ísleifsson gæðastjóri, Hafsteinn Sæmundsson fjármálastjóri (mætti kl. 15.20)

Fjarverandi: Sigrún Jónsdóttir kennslustjóri

Fundargerð ritaði Halla Tinna Arnardóttir

1. Fundargerð síðasta fundar

Geymd þar til á næsta fundi Háskólaráðs þar sem SJ sem sendi út fundargerðina var ekki viðstödd til að greina frá því hvort borist hefðu athugasemdir við hana.

2. Gæðamálin

16. sept. var gæðamat HB gert opinbert. Fjölmíðlaumfjöllun eftir það verið ágæt. Stjórnendur skólans hittu formann gæðaráðsins og fulltrúa hjá Rannís þegar skýrslan kom út. Athugasemdum HB komið á framfæri og framhaldið rætt, þá sérstaklega hvaða vinna er framundan við HB.

Um miðjan nóvember verður skilað aftur skýrslu til úttektarnefndarinnar. Unnið verður af kappi þangað til en gerð verður áætlun um þau atriði sem ekki næst að klára fyrir þann tíma. Úttektarnefndin metur svo skýrsluna og sendir athugasemdir sem HB fær tækifæri til að bregðast við. Úttektarnefndin kemur í aðra heimsókn í kjölfarið og í framhaldinu verður skoðað hvort hægt sé að uppfæra matið.

Rektor fór yfir fimm atriði sem komu frá formanni úttektarnefndarinnar um þau atriði sem þarf að laga.

- Sýna fram á tölfræðileg gögn um að HB geti tryggt gæði prófgráða sinna
- Tímasett áætlanagerð
- Fara yfir stjórnskipulag
- Setja reglur um ráðningar akademískra starfsmanna (í ferli)
- Endurfjármögnun HB (sem er lokið)

Búið er að koma á fót fimm vinnuhópum sem hver fer með afmarkað málefni í samræmi við ábendingar sem bárust frá úttektarnefndinni. Vinnuhóparnir skoða málin og vinna endurbótaáætlun þar sem það á við. Hver hópur hittist að lágmarki aðra hverja viku og skal rita fundargerð og skipuleggja vinnuna.

Haldinn verður háskólafundur fimmtudaginn 1. október til þess að kynna málið fyrir nemendum. Nemendafulltrúi lýsti yfir ánægju með fundi af þessu tagi.

3. Breyting á reglugerð vegna ráðninga

Aðstoðarrektor fór yfir breytingar á reglugerðinni. Stjórn skólans gerði athugasemdir við reglubreytingarnar og því þurfa reglurnar að fara aftur fyrir fagráð, stjórn skólans og svo til Háskólaráðs. Markmið að þetta komi til afgreiðslu hjá Háskólaráði á næsta fundi.

4. Staða fjármála

Fjármálastjóri fór yfir átta mánaða uppgjör fyrir árið 2015. Lítur út fyrir að við náum helstu markmiðum ársins og tap aðeins minna en gert var ráð fyrir þó nokkuð tap sé fyrirsjáanlegt.

Á næsta ári hafði verið reiknað með tæpum 10 milljónum í hagnað en það þarf að endurskoða ef ekki verður breyting á því fjárframlagi sem HB er úthlutað í fjárlögum. Þar fær HB 350 milljónir sem er 20 milljónum undir því sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Skýrist það af því að skv. ákvörðun ráðherra er nú hætt að tengja fjárframlag við nemendafjölda. Kemur á óheppilegum tíma þar sem nemendaaukning hefur verið töluverð hjá HB og gert hafði verið ráð fyrir hækkun framlags frá ríkinu í samræmi við það. Stjórnendur skólans eru í viðræðum við ráðuneytið um málið.

Nemendafulltrúi spurði hvort hækkunir á skólagjöldum væru fyrirsjáanlegar. Rektor sagðist telja að einhverjar hækkunir væru væntanlegar en vonast hefði verið til að hækkunir yrðu ekki verulegar heldur aðeins í takt við verðlagshækkunir. Hins vegar yrði að skoða það. Gæta þarf þess að hækka ekki skólagjöld þannig að nemendum fækki.

Miðstjórn hefur rætt um málið og telur að hækkun skólagjalda ætti aðeins að eiga við um nýja nemendur, þannig að nemendur sem innritaðir eru í skólann greiði sömu skólagjöld út námið. Rektor lýsti áhyggjum af því að það yrði flókið ef nemendur væru í raun með persónuleg skólagjöld, nemendur eru að taka námið á mismunandi hraða. Óljóst hvernig slíkt yrði framkvæmt. Nemendur sögðu skólagjöld í sambærilegum háskólum vera með þessum hætti. Láta þurfi nemendur a.m.k. vita af hækkunum skólagjalda. Nemendafulltrúar eru að svara fyrirspurnum og vilja vera upplýstir, gagnsæi mikilvægt. Rætt um möguleikann á mismunandi skólagjöldum í stað- og fjarnámi.

Rektor minntist á launamál starfsmanna en starfsfólk við HB hefur dregist töluvert aftur úr. Vilji til þess að setja hækkunir inn í fjárhagsáætlun til að svara þeirri þörf sem er á að koma til móts við starfsfólk.

5. Samskipti við HÍ um Háskólagátt

Forstöðumaður Háskólagáttar hefur tekið saman mjög gott yfirlit yfir Háskólagátt. Námskrá Háskólagáttar var breytt á síðasta ári og samsvarar nú fyllilega aðalnámskrá. Í sumar verður boðið upp á viðbótarnámskeið í þremur kjarnagreinum; íslensku, ensku og stærðfræði.

Rektor fundaði með Jóni Atla, rektor HÍ sem ætlaði að koma þessu í farveg innan HÍ. Markmiðið að fá eitthvað handfast þannig að umsækjendur í HB viti hvort og hvernig inngönguskilyrði í HÍ verði uppfyllt.

6. Stefnumótunarfundur 8. september og vinna að langtímastefnumótun

Rektor fór yfir helstu atriði sem fram komu á stefnumótunarfundi 8. september. Árið 2016 verður ár stöðugleikans en 2017-2020 skulu öll svið móta skýrt skilgreind sóknarsvið.

Rætt um hugsanlegar breytingar á misserisverkefnum næsta sumar.

Rektor fór yfir „Strategic plan 2015-2020“. Setja mælanleg markmið. Von er á þessu skjali til Háskólaráðs aftur til skoðunar og afgreiðslu þegar það er tilbúið.

7. Önnur mál

Minnt á kennslumat og óskað eftir því að nemendur hvetji samnemendur til að taka þátt í kennslumati.

Fundi slitið kl. 16.55

Samþykkt 26.10.2015